



Fjarðabyggð

Deiliskipulag ofanflóðvarna á Norðfirði, Nes- og Bakkagil



LÝSING Á SKIPULAGSVERKEFNI SAMKVÆMT 40. GREIN SKIPULAGSLAGA NR. 123/2010

MATSLÝSING SAMKVÆMT LÖGUM UM UMHVERFISMAT FRAMKVÆMDA OG ÁÆTLANA NR. 111/2021

25. apríl 2023



LANDMÓTUN®

Hamraborg 12, 200 Kópavogi - www.landmotun.is

sími 575 5300 - fax 554 5360 - netf: landmotun@landmotun.is

Efnisyfirlit

1. Inngangur.....	4
2. Efni og umfang deiliskipulags.....	4
3. Fyrirliggjandi stefna og aðrar áætlanir	6
3.1. Aðalskipulag Fjarðabyggðar 2020-2040.....	6
3.2. Aðliggjandi deiliskipulag	7
3.2.1. Deiliskipulag snjóflóðavarna á Neskaupstað (Drangagilssvæði)	7
3.2.2. Deiliskipulag fólkvangs á Neskaupstað	7
3.2.3. Deiliskipulag Bakkar 3.....	7
4. Staðhættir og umhverfisaðstæður	7
5. Umhverfisáhrif.....	7
6. Umfjöllun um kosti.....	8
7. Áhrifa- og umhverfispættir og viðmið.....	8
8. Öflun upplýsinga og aðferðarfræði	11
9. Kynning og samráð.....	11
10. Ferlið	11
11. Heimildarskrá	12

Mynd 2-1. Afmörkun skipulagssvæðis og helstu þættir deiliskipulags.....	5
---	---

Mynd 2-2 Hluti úr staðfestu Aðalskipulagi Fjarðabyggðar 2020-2040.	6
---	---

Tafla 6-1. Umhverfisviðmið og umhverfispættir sem metnir verða í umhverfisskýrslu.	10
---	----

Tafla 6-2. Skilgreining á vægi áhrifa við umhverfismat deiliskipulagsins.	10
--	----

1. Inngangur

Sveitarfélagið Fjarðabyggð vinnur að gerð deiliskipulags ofanflóðavarna ofan byggðar á Norðfirði við Nes- og Bakkagil. Varnarvirkin koma til viðbótar við þau sem fyrir eru á Norðfirði.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 123/2010 skal við upphaf vinnu við gerð skipulagsáætlunar taka saman lýsingu á skipulagsverkefninu þar sem m.a. er skýrt hvernig staðið verði að skipulagsgerðinni.

Deiliskipulagið fellur undir lög nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana þar sem deiliskipulagið mun fela í sér framkvæmd sem háð er mati á umhverfisáhrifum. Samkvæmt viðauka 1 í grein 11.13 í lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021 falla varnargarðar til varnar ofanflóðum í þéttbýli undir flokk B. Undir þennan flokk eru skilgreindar framkvæmdir er kunna að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og metið er í hverju tilviki með tilliti til eðlis, umfangs og staðsetningar hvort háðar skuli mati á umhverfisáhrifum.

Helstu markmið deiliskipulagsins er:

- Að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum af fyrirhuguðum varnarvirkjum
- Að nýta kosti mannvirkjanna til umhverfisbóta og útivistarmöguleika
- Að skapa aðlaðandi og heildstætt útivistarsvæði við varnarvirkin
- Að taka tillit til nálægðar við byggð
- Að tengja skipulag útivistarsvæða við aðliggjandi byggð
- Að tengja nýjar framkvæmdir við þau varnarvirki sem fyrir eru svo útivistarsvæðið fyrir ofan byggð fái góða heildarmynd.

2. Efni og umfang deiliskipulags.

Deiliskipulagssvæðið er um 23 ha að stærð og afmarkast af deiliskipulagi fyrir Drangagilssvæði til vesturs og deiliskipulagi fólkvangs við Neskaupstað til austurs og er staðsett ofan Bakka- og Mýrarhverfis.


Ofanflóðvarnirnar samanstanda af þvergarði og keilum. Skilgreindur verður um 730 m langur þvergarður. Hæð garðsins verður breytileg, hæst til endanna og lægri við miðjuna. Undir Nesgili verður hæð garðsins um 21,5 m og undir Bakkagili verður hæðin um 20,5 m. Á milli verður garðurinn um 19 m. Keilurnar verða um 10 m háar en keilurnar í neðri og efri röð eru í tveimur grúppum, önnur undir Nesgili og hin undir Bakkagili. Keilunum er ætlað að draga úr orku snjóflóða sem lenda á þeim þannig að þvergarðurinn neðan þeirra nái að stöðva það sem fram hjá og yfir þær fer. Neðri keiluröðin er rúma 90 m ofan við þvergarðinn og eru þær samtals 11 stk. Efri keiluröðin er u.þ.b. 100 m ofan við neðri keiluröðina og eru þær samtals 9 stk.

Gert verður ráð fyrir göngustígum sem verða flestir akfærir stígar með malaryfirborði, 3,0 m breiðir. Þeir eru ýmist nýir eða liggja ofan á núv. stígum og gönguslóðum. Einnig verða gerðir mjórri göngustígar, 1,8 m breiðir sem munu liggja meðfram og upp á þvergarðinn og tengjast stíg í Drangagilsgarði. Á toppi þvergarðs er gert ráð fyrir akfærum göngustíg auk mjóum göngustígum


með trjákurlsyfirborði sem munu þjóna sem tengistígar frá íbúðarhverfi upp á aðalgöngustíg undir þvergarði og stígar frá keiluröðum inn í Hjallaskóg.

Efni uppbyggingu í ofanflóðvarnargarða mun koma frá uppgreftri ofan þvergarðs og keilna. Heildarfyllingarmagn jarðvegs í garðinn og keilurnar er áætlað um 400.000 m³ og mun raskað svæði vera um 95.000 m².

Tilgangur framkvæmdarinnar er að reisa ofanflóðavarnarvirki til að verja byggð í Mýra- og Bakkahverfi gegn mögulegum snjóflóðum úr Nes- og Bakkagiljum í fjallinu. Bygging ofanflóðavarnanna uppfyllir kröfur laga nr. 49/1997 um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum, reglugerðar nr. 505/2000 um hættumat vegna ofanflóða, og reglugerðar nr. 673/1997 um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum. Í 22. grein reglugerðar nr. 505/2000, um hættumat vegna ofanflóða, og breytingu á henni í 11. grein reglugerðar nr. 495/2007, segir að við hönnun varnarvirkja skuli leitast við að auka öryggi íbúa þannig að eftir byggingu varnarvirkjanna sé staðaráhætta fólks neðan þeirra aldrei meiri en 3,0 af 10.000 á ári, en án varnarvirkjanna er staðaráhætta nú meiri en 3,0 af 10.000 á ári á hættusvæði C og á hættusvæði B er staðaráhætta á milli 1,0 af 10.000 og 3,0 af 10.000 á ári, sjá umfjöllun um hættumat í kafla 2.2.3. Við hönnun ofanflóðavarna neðan Nesgils og Bakkagils á Norðfirði er miðað við þessar öryggiskröfur.



Mynd 2-1. Afmörkun skipulagssvæðis og helstu þættir deiliskipulags.



Mynd 2-2 Hluti úr staðfestu Aðalskipulagi Fjarðabyggðar 2020-2040.

3. Fyrirliggjandi stefna og aðrar áætlanir

3.1. Aðalskipulag Fjarðabyggðar 2020-2040

Aðalskipulag Fjarðabyggðar var staðfest 02.05.2022. Samkvæmt því er eftirfarandi landnotkun innan deiliskipulagssvæðisins:

OP100. Grænn trefill um Norðfjörð. Áhersla lögð á gott aðgengi frá þéttbýlinu og fjölbreytta notkunarmöguleika allt árið. Tjaldsvæði ofan Víðimýrar er víkjandi en starfrækt þangað til nýtt svæði hefur verið mótað. Svæði vestan Stóralækjar nýtist áfram sem bráðabirgðatjaldsvæði, t.d. fyrir bæjarhátíðir. Á svæðinu er gert ráð fyrir mannvirkjum vegna ofanflóðvarna.

Svæði undir náttúruvá. Stór hluti deiliskipulagssvæðisins er innan hættusvæðis C.

Á hættusvæðum A er heimilt að reisa nýtt íbúðar- og atvinnuhúsnæði, svo og skála sem ætlaðir eru til næturgistingar á skíðasvæðum. Skóla, leikskóla, sjúkrahús, samkomuhús, fjölbýlishús með fleiri en 4 íbúðum og önnur sambærileg hús er heimilt að reisa enda séu þau styrkt til að standast ástreymisþrýsting, sbr. töflu II í reglugerð nr. 505/2000.

Á hættusvæðum B er heimilt að reisa ný einbýlishús og fjölbýlishús með allt að 4 íbúðum, svo og byggja við skóla, leikskóla, sjúkrahús, samkomuhús, fjölbýlishús með fleiri en 4 íbúðum og önnur sambærileg hús enda séu húsin og/eða viðbyggingarnar styrktar til þess að standast ástreymisþrýsting, sbr. töflu II. Heimilt er að reisa atvinnuhúsnæði svo og skála á skíðasvæðum, sem ekki eru ætlaðir til næturgistingar, án kvaða um styrkingar. Nýja skóla, leikskóla, sjúkrahús, samkomuhús, fjölbýlishús með fleiri en 4 íbúðum og önnur sambærileg hús er óheimilt að reisa.

Á hættusvæðum C er einungis heimilt að reisa ný mannvirki þar sem ekki er búist við stöðugri viðveru fólks til búsetu eða til vinnu, s.s. dælu- og spennistöðvar, línumöstur og önnur sambærileg mannvirki enda skapist ekki frekari hætta gagnvart annarri byggð ef mannvirkið yrði fyrir áraun af völdum ofanflóða. Heimilt er að breyta íbúðar- og atvinnuhúsnæði þó þannig að heildaráhætta á viðkomandi svæði aukist ekki, t.d. með fjölgun íbúða eða fjölgun starfsmanna.

3.2. Aðliggjandi deiliskipulag

3.2.1. Deiliskipulag snjóflóðavarna á Neskaupstað (Drangagilssvæði)

Deiliskipulag svæðis 1 fyrir snjóflóðarnir í Neskaupstað, Drangagilssvæði var samþykkt 12.07.1999. Skipulagsmörk munu liggja að mörkum þessa deiliskipulags en ekki gert ráð fyrir því að það þurfi að breyta því. Samliggjandi svæði eru ætluð fyrir útivist og áherslur því álíka.

3.2.2. Deiliskipulag fólkvangs á Neskaupstað

Deiliskipulag fyrir fólkvang á Neskaupstað var samþykkt 06.04.2017. Skipulagsmörk munu liggja nálægt mörkum þessa deiliskipulags en ekki gert ráð fyrir því að það þurfi að breyta því. Samliggjandi svæði eru ætluð fyrir útivist og áherslur því álíka.

3.2.3. Deiliskipulag Bakkar 3

Deiliskipulag fyrir Bakka 2 var samþykkt 06.04.2000. Skipulagsmörk munu liggja nálægt mörkum þessa deiliskipulags en ekki gert ráð fyrir því að það þurfi að breyta því.

4. Staðhættir og umhverfisaðstæður

Neskaupstaður er fjölmennasti byggðakjarni Fjarðabyggðar en bæjarstaðið teygir sig frá austri til vesturs meðfram ströndinni og liggur í fjallsrótum Nesfjalls sem rís 700-900 m yfir sjávarmál. Efsti hluti þess er skorinn djúpum giljum, skörðum og skálum. Þéttbýli tók að myndast í Norðfirði þegar saltfiskverkun hófst undir lok 19. aldar og fékk Neshreppur kaupstaðarréttindi árið 1929. Helstu atvinnugreinar íbúanna eru sjávarútvegur, fiskvinnsla og tengd þjónusta. Talsverða opinbera þjónusta er að finna í Neskaupstað og er þar m.a. starfrækt fjórðungssjúkrahús, leikskóli, grunnskóli og framhaldsskóli.

Veðurstofa Íslands lét gera samantekt um sögu snjóflóða á Norðfirði árið 1997 en mannskæðustu flóðin féllu þann 20. desember 1974. Ofan byggðar í Neskaupstað hafa nú þegar verið reistir tveir snjóflóðavarnargarðar sem hægt er að ganga upp á og horfa út Norðfjörð.

Deiliskipulagssvæðið er staðsett austan megin við núverandi varnarvirki neðan Drangagils, og ofan nýjustu og ystu byggðar þéttbýlisins, Mýra- og Bakkahverfa. Þau hús voru mestmegnis reist á áttunda og níunda áratug síðustu aldar, en jafnframt er að finna ný íbúðarhús vestan kirkjugarðs neðan við Bakkahverfi. Deiliskipulagssvæðið liggur nálægt húsunum efst í götunum Víðimýri, Starmýri, Hrafnsmýri, Gauksmýri, Valsmýri, Nesbakka, Gilsbakka og Marbakka.

5. Umhverfisáhrif

Deiliskipulagið fellur undir lög nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana þar sem deiliskipulagið mun fela í sér framkvæmd sem háð er mati á umhverfisáhrifum. Samkvæmt viðauka 1 í grein 11.13 í lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021 falla varnargarðar til varnar ofanflóðum í þéttbýli undir flokk B. Undir þennan flokk eru skilgreindar framkvæmdir er kunna að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og metið er í hverju tilviki með tilliti til eðlis, umfangs og staðsetningar hvort háðar skuli mati á umhverfisáhrifum.

Þann 7. mars 2016 sendi Fjarðabyggð ehf. frummatsskýrslu um Ofanflóðavarnir á Norðfirði, Nesgil og Bakkagil til athugunar hjá Skipulagsstofnun, samkvæmt lögum um mat á

umhverfisáhrifum. Skipulagsstofnun gaf út álit þann 11. nóvember 2016 en þar kom eftirfarandi fram:

Í samræmi við 11. gr. laga og 24. gr. reglugerðar um mat á umhverfisáhrifum hefur Skipulagsstofnun farið yfir matsskýrslu Fjarðabyggðar sem lögð var fram samkvæmt 10. gr. sömu laga. Skipulagsstofnun telur að matsskýrsla Fjarðabyggðar uppfylli skilyrði laga og reglugerðar um mat á umhverfisáhrifum hvað varðar þau atriði sem getið er í 18. grein reglugerðar nr. 1123/2005.

Skipulagsstofnun telur að helstu neikvæðu áhrif framkvæmdarinnar felist í áhrifum á landslag og sjónræn áhrif. Sjónrænna áhrifa gæti einkum fyrir þá sem búa næst varnargörðunum. Einnig verði áhrif á landslag talsverð neikvæð þegar horft er til framkvæmdasvæðisins. Stofnunin telur áform um mótun garðanna, frágang yfirborðs, uppgræðslu, ræktun og áframhaldandi gerð útivistarsvæðis sé til þessfallin að draga úr neikvæðum sjónrænum áhrifum. Ef vel tekst til verði aðstaða til útivistar og ræktunar ekki síðri að framkvæmdum loknum en nú er. Þar með fæst samfella með þeim útivistarsvæðum sem þegar hafa verið útbúin umhverfis þá varnargarða sem þegar hafa risið.

Skipulagsstofnun telur afar brýnt að taka út húseignir á því svæði sem mögulega verði fyrir áhrifum af breytttri stöðu vatns í jarðvegi. Þá telur Skipulagsstofnun nauðsynlegt að fram fari rannsóknir á vatnafari, þ.m.t. stöðu grunnvatns og fylgst verði með breytingum á því fyrir og eftir framkvæmdir.

Skipulagsstofnun telur að áhrif á íbúa verði verulega neikvæð á framkvæmdatíma. Þar ræður mestu að framkvæmdasvæðið er mjög stórt og mjög nálægt íbúðabyggð. Búast má við verulegum hávaða frá stórum vinnuvélum og þurr opinn jarðvegur fýkur auðveldlega þegar blæs. En unnt er að draga úr foki með því að vökva yfirborð þegar þess er helst þörf. Skipulagsstofnun hvetur til þess að á framkvæmdatíma verði þess gætt að gera viðeigandi ráðstafanir til að koma í veg fyrir fok á þurrum jarðvegi yfir nálæga íbúðabyggð. Þá kann að vera ástæða til að takmarka þann tíma sólarhringsins sem heimilt verði að vinna með stórum vélum þar sem hætta er á mestu ónæði gagnvart íbúum. Skipulagsstofnun telur að með hliðsjón af ofanflóðahættu muni framkvæmdirnar hafa verulega jákvæð áhrif á öryggi íbúa.

Skipulagsstofnun bendir á að verði tilhögun framkvæmda með öðrum hætti en lýst er í matsskýrslu sem þetta álit byggir á, þarf að kanna hvort breytingar kalli á nýja málsmeðferð á grundvelli laga um mat á umhverfisáhrifum.

6. Umfjöllun um kosti

Í umhverfisskýrslu mun umfjöllun um valkosti beinast að tveimur mismunandi leiðum. Annars vegar að byggja varnarvirki og hins vegar núllkostur sem er að hafast ekkert að.

7. Áhrifa- og umhverfispættir og viðmið

Helstu þættir breytingartillögunnar, sem taldir eru geta valdið umhverfisáhrifum, eru efnisnám og mannvirkjagerð. Út frá þeim aðstæðum sem eru á skipulagssvæðinu voru umhverfispættir valdir og eru áhrifin mismikil á umhverfispætti. Forsendur við mat á umhverfisáhrifum verða byggðar á þremur meginþáttum:

- Viðmið í lögum og reglugerðum, stefnumótun stjórnvalda og skuldbindingar á alþjóðavísu.
- Greining sérfræðinga á einkennum áhrifa á einstaka umhverfispætti.
- Umsagnir og athugasemdir lögboðinna umsagnaraðila, hagsmunaðila og almennings, sem kunna að liggja fyrir, sbr. kafla um kynningu og samráð.

Við mat á vægi áhrifa á einstaka umhverfispætti verður stuðst við tiltekin viðmið s.s. stefnumörkun stjórnvalda, alþjóðasamninga, lög og reglugerðir. Í töflu 1 eru tekin saman þau umhverfisviðmið sem lögð eru til grundvallar umhverfismati á breytingu aðalskipulagsins. Umhverfisviðmið eru notuð sem mælikvarði eða vísir til að meta einkenni og vægi þeirra áhrifa sem deiliskipulagið hefur í för með sér.

Umhverfis þáttur	Þörf á meta	Ekki þörf á að meta	Skýring	Viðmið
Gróður	X			Válistar Náttúrufræðistofnunar Íslands yfir plöntur og háplöntur. Lög um náttúruvernd nr. 60/2013, nánar tiltekið 57. grein um sérstaka vernd tiltekinnar vistkerfa og jarðminja. Votlendissvæði 2 ha eða stærri njóta sérstakrar verndar, og 67. grein um aðgerðir vegna ágengra framandi lífvera. Lög um breytingu á lögum um náttúruvernd (nr. 109/2015) en þar segir að sérstæðir eða vistfræðilega mikilvægir birkiskógar og leifar þeirra þar sem eru m.a. gömul tré njóta verndar. Samningur um líffræðilega fjölbreytni, öðlaðist gildi á Íslandi 1994. Ísland er aðili að alþjóðlegum samningi um líffræðilega fjölbreytni en markmið hans er að „Vernda líffræðilega fjölbreytni og að stuðla að sjálfbærri nýtingu lífandi náttúruauðlinda”. Áhrif á vistgerðir og búsvæði. Í stefnumörkun stjórnvalda til 2020 segir að viðhalda beri fjölbreytileika tegunda og vistgerða, og forðast eins og kostur er að skerða frekar votlendi, birkiskóga og önnur vistkerfi. Ofanflóðavarnir á Norðfirði – Nesgil og Bakkagil, Matsskýrsla.
Fuglar	X			Náttúruverndaráætlun. Válistar Náttúrufræðistofnunar Íslands yfir fugla (31). Lög um náttúruvernd nr. 60/2013. Lög nr. 64/1994 m.s.br. um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum. Áhrif á vistgerðir og búsvæði. Í stefnumörkun stjórnvalda til 2020 segir að viðhalda beri fjölbreytileika tegunda og vistgerða, og forðast eins og kostur er að skerða frekar votlendi, birkiskóga og önnur vistkerfi. Bernarsamningurinn. Ofanflóðavarnir á Norðfirði – Nesgil og Bakkagil, Matsskýrsla.

Vatn og lækir	X			Reglugerð nr. 536/2001 m.s.br. um neysluvatn. Reglugerð 796/1999 m.s.br. um varnir gegn mengun vatns. Reglugerð 797/1999 um varnir gegn mengun grunnvatns. Reglugerð um fráveitu í Fjarðabyggð nr. 138/2000. Ofanflóðavarnir á Norðfirði – Nesgil og Bakkagil, Matsskýrsla.
Fornleifar	X		Engar friðlýstar minjar en nokkrar skráðar minjar innan skipulagssvæðis.	Lög um menningarminjar 80/2012. Skráðar friðlýstar fornleifar. Aðrar fornleifar (minjar 100 ára og eldri, svo sem byggðaleifar, haugar, greftrunarstaðir o.s.frv.) skv. 9 gr. Þjóðminjalaga nr. 107/2001. Ofanflóðavarnir á Norðfirði – Nesgil og Bakkagil, Matsskýrsla.
Samfélag	X			Skipulagslög nr 123/2010. Skipulagsreglugerð nr. 90/2013. Reglugerð nr. 505/2000. Ofanflóðavarnir á Norðfirði – Nesgil og Bakkagil, Matsskýrsla.
Ásýnd og landslag	X		Engar náttúruminjar sem njóta verndar skv. 37 gr. náttúruverndarlaga.	Ofanflóðavarnir á Norðfirði – Nesgil og Bakkagil, Matsskýrsla. Á fyrirhuguðu deiliskiplagssvæði eru ekki vistkerfi eða jarðmyndanir sem njóta sérstakrar verndar, með tilliti til landslagsverndar samkvæmt lögum um náttúruvernd nr. 60/2013. Á lands- eða svæðisvísu hefur landslagi innan framkvæmdasvæðisins ekki verið gefið sérstakt gildi. Þau landform sem einkenna svæðið eru lýsandi fyrir fjarðarlandslag Austfjarða: firðir með háum bröttum skriðum, jökulrofnum fjallseggjum, takmörkuðum láglendissvæðum og víðsýni yfir sjávarflöt fjarðanna.
Útivist	X			Ofanflóðavarnir á Norðfirði – Nesgil og Bakkagil, Matsskýrsla. • Áhrif á notagildi svæða eða gönguleiða til útivistar.

Tafla 7-1. Umhverfisviðmið og umhverfispættir sem metnir verða í umhverfisskýrslu.

Við matið verður notast við eftirfarandi skilgreiningar á vægi:

Vægi áhrifa		Skýring
Jákvæð	+	Jákvæð áhrif á umhverfispátt
Óveruleg	0	Óveruleg/óljós áhrif á umhverfispátt
Neikvæð	-	Neikvæð áhrif á umhverfispátt

Tafla 7-2. Skilgreining á vægi áhrifa við umhverfismat deiliskipulagsins.

8. Öflun upplýsinga og aðferðarfræði

Við mat á umhverfisáhrifum verður sem fyrr segir unnið eftir lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021 og stuðst við leiðbeiningar Skipulagsstofnunar, annars vegar um umhverfismat áætlana og hins vegar um flokkun umhverfisþátta, viðmið, einkenni og vægi umhverfisáhrifa. Framsetning verður í formi texta og/eða venslataflna. Stuðst verður við fyrirliggjandi upplýsingar um framkvæmdina þ.e. málsmeðferðargögn vegna mats á umhverfisáhrifum framkvæmdar.

9. Kynning og samráð

Samráð verður haft við Skipulagsstofnun og aðrar stofnanir sem hafa sérþekkingu á viðfangsefnum skipulagsins varðandi umfang og áherslur umhverfismats deiliskipulags, eins og lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana gera ráð fyrir.

Samráð verður haft við Helbrigðiseftirlit Austurlands en afla þarf leyfis til tímabundins atvinnurekstrar, t.d. fyrir vinnubúðum og verkstæðisaðstöðu, sbr. reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

Samráð verður haft við Umhverfisstofnun sem lögbundin umsagnaraðili vegna matslýsingar og umhverfisskýrslu.

Samráð verður haft við Veðurstofu Íslands en Veðurstofan mun fá deiliskipulagstillögu til umsagnar.

Samráð verður haft við Minjastofnun Íslands.

Ef þörf reynist á að hafa samráð við aðra en áður talda aðila þá verður greint frá því í umhverfisskýrslu.

Tillaga ásamt umhverfisskýrslu verður auglýst og gefst þá íbúum tækifæri að koma með skriflegar athugasemdir sem sveitarfélagið ber að svara.

10. Ferlið

Helstu verkferlar sem varða deiliskipulag flóðavarna eru eftirfarandi:

- A. Gerð skipulags- og matslýsingar apríl 2023.
- B. Samráð um skipulags- og matslýsingu, send til Skipulagsstofnunar auk annarra apríl-maí 2023.
- C. Gerð deiliskipulags og umhverfismatsskýrslu júní 2023.
- D. Kynning og auglýsing deiliskipulagstillögu og umhverfisskýrslu júlí-ágúst 2023
- E. Samþykkt bæjarstjórnar ágúst-september 2023
- F. Auglýsing í B-deild október 2023.

11. Heimildarskrá

1. Aðalskipulag Fjarðabyggðar 2007-2027.
2. Lög nr. 111/2021 um umhverfismat áætlana.
3. Lög nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.
4. Lög um menningarminjar nr. 80/2012.
5. Lög nr. 44/1999 um náttúruvernd.
6. Skipulagslög nr. 123/2010.
7. Skipulagsstofnun 2005. Leiðbeiningar um flokkun umhverfispáttá, viðmið, einkenni og vægi umhverfisáhrifa.
8. Skipulagsstofnun 2007. Leiðbeiningar um umhverfismat áætlana